

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1120
komudagur 2.3.2006



Reykjavík, 1. mars 2006

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um stofnun Matvælarannsóknna hf., 387. mál.

Ofangreint frumvarp hefur borist BSRB til umsagnar. BSRB leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði að lögum með eftirfarandi athugasemdum:

1. Réttindi starfsmanna

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði hlutafélag sem nefnist Matvælarannsóknir hf. um rekstur Rannsóknastofnunar fískiðnaðarins, Matvælarannsóknna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar. Aftur er komin upp sú staða að verið er að breyta opinberum stofnunum í hlutafélag eða þær lagðar niður með þeim afleiðingum að réttindi starfsmanna, sem tryggð eru með lögum og reglum á opinberum vinnumarkaði, munu breytast. Í umsögnum um sams konar frumvörp hefur BSRB gagnrýnt mjög þá breytingu sem verið er að gera á réttindum ríkisstarfsmanna og eiga þau sömu rök við hér í þessari umsögn.

BSRB þykir með ólíkindum sú aðferð sem beitt er gagnvart starfsmönnum þegar stofnunum ríkisins er breytt í hlutafélög eða þær lagðar niður. Mjög margt er óljóst um stöðu þeirra og réttindi ef frumvarpið verður að lögum. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins verða stofnanirnar þrjár lagðar niður og fer þá um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í framangreindum ríkisstofnunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað aðeins um lífeyrisrétt starfsmanna. Sérstaklega verður vikið að biðlaunarétti og lífeyrisrétti skv. frumvarpinu síðar í umsögninni.

Hvað þýðir þetta nákvæmlega varðandi réttarstöðu 76 starfsmanna þegar stofnanirnar verða lagðar niður og hlutafélagið Matvælarannsóknir hf tekur við rekstrinum? Ekki verður betur séð en að baki frumvarpinu búi sú hugsun að breytt skuli réttarstöðu þeirra ríkisstarfsmanna, sem starfa hjá þessum stofnunum án þess þó að annar aðili en ríkið taki við starfseminni. Samkvæmt 1. gr. skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og stofnfé ákveðið í fjárlögum. Þá fer Sjávarútvegsráðherra með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Hver er því breytingin? Matvælarannsóknir hf. á að lúta stjórn ríkisvaldsins og það ber áfram ótakmarkaða ábyrgð á starfseminni. Með öðrum orðum þá er verið að setja lög um að starfsmenn Matvælarannsóknna hf verði áfram starfsmenn ríkisins án þess þó að um kjör þeirra, réttindi og skyldur, gildi lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

Í kafla 7.1 í athugasemdum við greinargerð kemur markmið með þessu frumvarpi skýrt fram þ.e. að ríkisstofnanir séu háðar meiri takmörkunum í rekstri en fyrirtæki með annað rekstrarform. Nokkur dæmi um þessa „miklu takmörkun“ eru talin upp. Í fyrsta lagi lög um starfsmenn ríkisins þar sem aðrar reglur gilda um ráðningu, uppsagnir, launamál og ýmis réttindi ríkisstarfsmanna en í atvinnulífinu almennt. Í öðru lagi lög og reglur um fjármál ríkisaðila, s.s. aðrar reglur um bókhald, endurskoðun reikninga, lántökur, innkaup, eignakaup o.fl. Í þriðja lagi er vikið að því að innra stjórnkerfi flestra eða allra ríkisstofnana er bundið í lögum, reglugerðum eða háð samþykki ráðherra. Allt virðast þetta vera dæmi um ókosti sem frumvarpshöfundar telja vera á rekstri ríkisstofnana.

Árin 1993 og 1996 voru sett hér skýr og einföld lög, þ.e. upplýsinga- og stjórnsýslulög, sem gilda áttu um stjórnsýsluna til þess að borgurum sé gert kleift að fylgjast með og kynnast athöfnum og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í almennings þágu. Í stað þess að stofnanir taki mið af þessum lögum þá er rekstrarformi þeirra breytt svo þær þurfi ekki lengur að lúta þessum reglum! Með rekstrarformsbreytingunni þurfa Matvælarannsóknir hf því ekki lengur að fylgja lágmarkskröfum sem gerðar eru til stjórnsýslunnar né að fylgja ákvæðum upplýsingalaga um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Skýtur það skökku við þar sem hlutverk þess á m.a. að vera að „*bæta þekkingu og fagmennsku og stuðla að auknum gæðum, öryggi, heilnæmi og hollustu matvæla*“ (tekið beint upp úr kafla 7 í frumvarpinu).

Sú leið að opna á einhvers konar upplýsingaskyldu svokallaðra opinberra hlutafélaga í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum

(opinber hlutafélag), er að mati BSRB ekki nægjanlegt þar sem sú upplýsingaskylda er mjög takmörkuð.

Samkvæmt aðilaskiptalögnum nr. 72/2002 á félagið Matavælarannsóknir hf að yfirtaka gildandi ráðningarsamninga með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir. Þá eiga starfsmenn félagsins að njóta réttinda og bera skyldur í samræmi við ákvæði kjarasamnings. Kjarasamningurinn á því að gilda þar til honum verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Í aðilaskiptalögnum nr. 72/2002 segir um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum:

„3. gr. Launakjör og starfsskilyrði.

Réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi sem fyrir hendi er á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað á að færast yfir til framsalshafa.

Framsalsshafi skal virða áfram launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir framseljanda þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Ákvæði þetta gildir ekki um rétt starfsmanna til elli- og örorkulífeyris eða eftirlífendabóta þegar um er að ræða lífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem starfa samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerðum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneyti. Það getur þó aldrei leitt til skerðingar á áunnum réttindum í þeim sjóðum sem um er að ræða. Skiptir þá ekki máli hvort starfsmaður starfar áfram hjá fyrirtækinu eða hluta þess eftir aðilaskipti eða ekki.

Ákvæði þetta á ekki við um aðilaskipti að fyrirtækjum sem hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt þessu ber nýjum atvinnurekanda, eða framsalshafa eins og hann er kallaður í lögnum, að virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu fyrir fyrri atvinnurekanda, þar til kjarasamningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda. Þá eiga réttindi og skyldur atvinnurekanda samkvæmt ráðningarsamningi sem fyrir hendi eru á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað að færast yfir til nýja atvinnurekandans. Réttindi opinberra starfsmanna eru í dag betur tryggð hjá ríkinu en á almennum markaði. Sem dæmi má nefna lífeyrisréttindi, veikindarétt og slysa- og örorkubætur. Þá munu ekki lengur gilda ákvæði um áminningarskyldu og andmælarétt við uppsagnir og því verður hægt að segja starfsmönnum Matvælarannsóknna hf upp með þriggja mánaða fyrirvara, án áminningar og rétti til andmæla. Þá er ekki skylda á almennum vinnumarkaði að gefa upp ástæðu fyrir uppsögn. Í fæðingarorlofi njóta opinberir starfsmenn réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbóta samkvæmt sérstöku samkomulagi BSRB.

Með frumvarpi þessu verða áunnin samningsbundin réttindi starfsmanna skert allverulega og áunnin samningsbundin eign sem hluti af launakjörum ríkisstarfsmanna, gerð upptæk. Þetta

eru réttindi sem starfsmenn hafa ráðið sig inn á og öðlast með áratuga baráttu. Engin trygging er fyrir því að hve miklu leyti stjórnendur hins nýja félags eru tilbúnir að varðveita núverandi starfskjör þegar nýr ráðningarsamningur verður gerður við starfsmenn eða þegar komið er að því að gera nýjan kjarasamning. Ummæli í frumvarpinu gefa hins vegar ekki tilefni til bjartsýni, sbr. það sem kemur fram í kafla 7.6 um starfsmannamál. Þar segir: „*Breytingar á rekstrarformi ríkisfyrirtækja hafa veruleg áhrif á starfsmannamál. Lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalög), taka ekki til starfsmanna sem starfa hjá félögum einkaréttarlegs eðlis, jafnvel þótt þau séu að öllu leyti í eigu ríkisins. Starfsmenn Matvælarannsóknna hf. munu ekki heyra undir þá kjarasamninga sem ríkið á aðild að.*”.

Biðlaunaréttur starfsmanna skv. frumvarpinu:

Margt er óljóst um biðlaunarétt starfsmanna. Sem dæmi þá er ekki minnst á réttarstöðu starfsmanna sem heyra undir bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur hafni þeir starfi hjá Matvælarannsóknnum hf. Þar sem starfsmenn njóta ekki lengur ýmissa réttinda sem fylgdu starfi þeirra sem ríkisstarfsmenn er ekki um að ræða sambærilegt starf hjá Matvælarannsóknnum hf. Eiga þeir starfsmenn sem hafna starfi hjá félaginu því rétt á biðlaunum hafi þeir verið ráðnir fyrir 1. júlí 1996, sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur. Þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var hlutafélagavædd fengu þeir starfsmenn sem höfnuðu starfi hjá félaginu biðlaun. Tryggja þarf sömu réttindi fyrir starfsmenn þessara þriggja stofnana sem ákveða að taka ekki starfi hjá félaginu.

Lífeyrisréttur starfsmanna skv. frumvarpinu:

a) Lífeyrisréttur starfsmanna í B-deild skv. frumvarpinu:

Í 6. gr. frumvarpsins segir að starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknna Keldnaholti eða rannsóknastofu Umhverfisstofnunar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfrest í hálf starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður

og breytast iðgjaldagreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. M.ö.o það verður eins konar frysting á laununum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá Matvælarannsóknnum hf því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

Í frumvarpinu er frumvarpshöfundum mikið í mun að koma í veg fyrir að B-deildar fólk geti hafið töku lífeyris samhliða starfi sínu hjá félaginu, sbr. eftirfarandi í kafla 7.6: „*Að lokum er lagt til að komið verði í veg fyrir að starfsmenn Rf, MATRA og RUST, sem eiga aðild að B-deild LSR og nýta rétt sinn til að þiggja starf hjá Matvælarannsóknnum hf., geti nýtt sér rétt til að hefja töku lífeyris meðan þeir eru fastráðnir hjá félaginu. Ef ekki er sett sérstakt lagaákvæði þar um geta starfsmenn, sem þetta á við, hafið töku lífeyris samhliða starfi sínu hjá félaginu. Slíkt er í ósamræmi við það sem almennt gildir um sjóðfélaga í B-deild sem starfa hjá ríkinu.*”

BSRB bendir á það ójafnræði sem ákvæðið hefur í för með sér þar sem jafnræðisreglu er ekki gætt. Fjölmörg dæmi eru um fyrrverandi starfsmenn ríkisins sem eru í dag í starfi samhliða töku lífeyris. T.d. á það við um starfsmenn Íslandspósts og Símans sem er mjög stór hópur starfsmanna. Þá er stór hópur ríkisstarfsmanna sem eru í B-deild LSR og njóta lífeyris síns samhliða því að starfa á vinnumarkaðinum í tímavinnu eða lágu starfshlutfalli.

b) Lífeyrisréttur starfsmanna í A-deild skv. frumvarpinu:

Í ákvæðum frumvarpsins er ekki einu orði minnst á réttindi starfsmanna sem greiða í A-deild LSR. Aðeins er fjallað um lífeyrisgreiðslur skv. 24. gr. laga nr. 1/1997 en sú grein á eingöngu við um B-deild LSR. Í kafla 7.6 í athugasemdum er fjallað almennt um A-deild LSR. Óljóst er hins vegar hver réttarstaða starfsmanna sem greiða til A-deildar LSR í dag verður sem og nýrra starfsmanna. Mun verða tryggt að starfsmenn geti áfram verið í LSR? Möguleikar starfsmanns sem greiðir í A-deild LSR til áframhaldandi aðildar að LSR er háð nokkrum skilyrðum. Sé ekki gengið tryggilega frá því í lagafrumvarpinu yrði aðildin háð samþykki Matvælarannsóknna hf og að hlutafélagið tæki á sig þær skuldbindingar sem henni fylgja. Það er því nauðsynlegt að mati BSRB að gengið sé tryggilega frá því að allir starfsmenn Matvælarannsóknna hf eigi rétt á því að vera í LSR, og að það nái einnig til nýðráðinna.

BSRB vísar í því sambandi á 3. gr. í aðilaskiptalögnum sem fjallað er um hér að framan, þ.e. að aðilaskipti geti aldrei leitt til skerðingar á áunnum lífeyrisréttindum úr þeim sjóðum sem um er að ræða.

Að lokum vekur BSRB athygli á því að samkvæmt ábendingum starfshóps sem vann að mögulegri samþættingu eða sameiningu matvælarannsóknna í eina stofnun hafi verið lagt til að Matvælarannsóknir yrðu gerðar annað hvort að hlutafélagi eða sjálfseignarstofnun. BSRB telur hinn síðarnefnda kost heppilegri af þessum tveimur. Með því er hægt að tryggja réttindi starfsmanna þessara þriggja stofnana óbreytt.

Samningsréttur.

BSRB leggur mikla áherslu á að tryggt verði að Matvælarannsóknir virði rétt stéttarféлага starfsmanna sem gera kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna, til að semja áfram við hlutafélagið, verði það að veruleika, bæði fyrir hönd núverandi starfsmanna og nýráðinna. Við rekstrarformsbreytingu ríkisstofanana sl. ár hafa stéttarfélög sem eiga félagsmenn innan þeirra stofnana haldið áfram að gera kjarasamninga við hlutafélögin sem stofnuð hafa verið. Sama ætti að gilda um stéttarfélög innan Matvælarannsóknna. Æskilegt væri að frá þessu yrði gengið áður en lögin koma til afgreiðslu.

Starfsmenn hafa öðlast margvísleg réttindi í gegnum félagsaðild sína, sem gætu tapast verði þetta ekki tryggt. Má þar nefna aðild að starfs- og endurmenntunarsjóðum, orlofsheimilásjóðum, fjölskyldu- og styrktarsjóði, sjúkrasjóðum o.fl.

Það er eindregin afstaða BSRB, með tilvísun í það sem hér hefur verið rakið, að leggja til að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga.

F.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir